

Fundargerð

ÁRSFUNDAR

Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2017

Haldinn mánudaginn 8. maí 2017 kl. 17:00

Í húsaðnum Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42

Skúli Helgason, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargestir voru alls tólf, stjórn, starfsmenn og gestir þar meðtaldir. Ársreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2016 var dreift til viðstaddir.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, Skúli Helgason flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Ávöxtun Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar á liðnu ári var undir væntingum en raunávöxtun ársins var aðeins 1,3% en á árinu áður var raunávöxtun sjóðsins 7,2%. Sveiflan á milli ára er umtalsverð en lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar sem eru að hámarka ávöxtun eigna sinna til lengri tíma með tilliti til áhættu. Meðaltal raunávöxtunar sjóðsins fyrir síðustu 10 ár er 4% og er yfir því 3,5% viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu.

Samkvæmt tolum frá Hagstofu Íslands var mikill kraftur í hagkerfi landsins á árinu 2016 og nam hagvöxturinn um 7,2%. Það er mun meiri vöxtur en spáð var og sá mesti frá árinu 2007. Þrátt fyrir jákvæða hagsveiflu átti innlendi hlutabréfamarkaðurinn erfitt uppdráttar á árinu og lækkaði úrvalsvísitala aðallista Kauphallar Íslands um 9% milli ára. Þetta er í fyrsta sinn frá endurreisn markaðarins í kjölfar efnahagshrunsins sem hlutabréfamarkaðurinn skilar neikvæðri ávöxtun milli ára. Skuldabréfamarkaðurinn var nokkuð stöðugur framan af árinu en helstu áhrifabættir á ávöxtunarkröfu skuldbréfa eru annars vegar lág verðbólga og hinsvegar vaxtaákvvarðanir Seðlabanka Íslands. Í kjölfar tilkynningar Seðlabankans um nýtt fjárstreymistæki til að draga úr vaxtamunaviðskiptum varð skyndileg hækkan ávöxtunarkröfu en hún gekk til baka vegna væntinga markaðarins um lækkun stýrivaxta, en Seðlabankinn lækkaði vextina tvisvar á árinu og fóru stýrivextir úr 5,75% í 5,0%.

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á árinu 2016 var misjöfn milli markaða. Heimsvísitala Morgan Stanley er talinn vera einn helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum hækkaði að teknu tilliti til arðs um 7,5% í dollurum. Þar sem íslenska króna styrktist umtalsvert gagnvart erlendum gjaldmiðlun var ávöxtun erlendra eigna sjóðsins neikvæð.

Stjórnin hefur mótað þá stefnu að hafa fjárfestingar sjóðsins áhættulitlar sem dregur úr sveiflum á ávöxtun sjóðsins. Á árinu 2016 fékk sjóðurinn heimild frá Seðlabanka Íslands að fjárfesta í erlendri mynt fyrir tæpar 1,3 ma.kr. en eftir vandlega yfirferð var ákveðið að nýta ekki heimildina að fullu en erlendar fjárfestingar á árinu námu um 930 m.kr.

Ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2016 er nú gerður í fyrsta sinn samkvæmt nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Um er að ræða heildstæða breytingu á reikningsskilaaðferðum er varðar flokkun, framsetningu og mat fjölmargra liða reikningsskilanna. Gerðar eru ítarlegri kröfur um skýringar vegna ýmissa þátta, t.d. áhættustýringar, stjórnarháttar og þóknana til fjármálaufyrirtækja auk þess sem framsetning sjóðstreymis breytist verulega. Jafnframt er gerð krafa um að samanburðartölur séu leiðréttar

með tilliti til nýju reglnanna. Heildaráhrif breytinganna eru að hrein eign sjóðsins m.v. árslok 2015 hækkar um 996 m.kr. en áhrif á nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2015 er 0,9% til hækkunar.

Starfssemi Lifeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar var að flestu leyti með hefðbundnum hætti á síðasta starfsári. Rekstrarkostnaður ársins 2016 var 159 m.kr. en var 151 m.kr. á árinu 2015. Samsvarar kostnaðurinn um 0,2% af hreinni eign í árslok. Á árinu 2016 greiddu 446 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði til samanborið við 498 árið á undan. Fjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 17.257 á árinu 2016 samanborið við 17.519 á árinu 2015. Heildargreiðslur lifeyris á árinu 2016 námu rúmar 4,1 ma.kr. en voru 3,6 ma.kr. á árinu 2015. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlega lífeyri til 3.480 sjóðfélaga. Stjórnin hélt þrettán fundi á starfsárinu. Á árinu 2016 urðu eftirfarandi breytingar á stjórn sjóðsins; þann 19. apríl var Marta Guðjónsdóttir skipuð í stjórn sjóðsins í stað Hildar Sverrisdóttur sem varð varamaður í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar. Þann 6. október var Hildur Sverrisdóttur skipuð aftur sem aðalmaður í stað Mörtu Guðjónsdóttur og Halldór Halldórsson skipaður sem varamaður hennar frá sama tíma. Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin ellefu sinnum á árinu. Nefndin hefur skilað til stjórnar skýrslu um störf sín fyrir árið 2016. Í endurskoðunarnefnd sitja Birgir Björn Sigurjónsson sem er formaður, Ása Clausen og Björk Vilhelmsdóttir og er þeim þakkað vel unnið störf. Samkvæmt lögum verða lifeyrissjóðir að eiga eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Þessi sjóður er undanþeginn framangreindu þar sem Reykjavíkurborg er með bakábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna hans dugi fyrir skuldbindingum sjóðsins og því greiða launagreiðendur mánaðarlega aukaframlag sem nemur 69% af greiddum lífeyri. Á árinu 2016 nam aukaframlagið rúmar 2,2 ma.kr. en þar af nam aukaframlag Reykjavíkurborgar tæpum 2 ma.kr. Við útreikning á tryggingafræðilegri athugun í árslok 2016 var stuðst við nýjar töflur um dánarlíkur sem byggja á reynslu áranna 2010–2014. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu í lok árs 2016, að teknu tilliti til aukaframlagsins nema eignir sjóðsins umfram skuldbindingar um 22,7 ma.kr. Það er ljóst að við óbreytt aukaframlag mun ekki reyna á bakábyrgð borgarinnar en nauðsynlegt er að lækka framlagið með því að gera upp lifeyrisskuldbindingar á móti þeim fjármunum sem lagðir voru inn vegna sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Sem fyrr sér Brú lifeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga um rekstur sjóðsins í samræmi við samning frá árinu 1999. Mikið hefur áunnist á árinu er lúta bæði að þjónustu sjóðsins og innri starfsemi hans. Á árinu var opnuð ný heimasíða og stigið stórt skref í rafrænni þjónustu. Umsóknir sjóðsins eru nú eingöngu rafrænar og í umsóknargátt á heimasíðunni geta sjóðfélagar fylgst með framvindu sinna mála. Þá er einnig rétt að nefna að sjóðurinn heldur reglulega námskeið um lifeyrisréttindi fyrir sjóðfélaga sem er að huga að starfslokum og námskeiðin hafa verið vel sótt. Starf stjórnar gekk vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Að lokum lagði formaður til að Guðmundur Friðjónsson yrði fundarstjóri og Þórdís Yngvadóttir fundarritari. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Hann lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lifeyrissjóðsins gera ráð fyrir. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárið sem var yfirferð á ársreikningi sjóðsins.

2. Ársreikningur kynntur

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, tók við af formanni og kynnti ársreikning Lifeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2016. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn án athugasemda.

Framkvæmdastjóri skýrði frá nýjum reglum FME nr. 335/2015 frá árinu 2015 um framsetningu og innihald ársreikninga lífeyrissjóða sem komu til framkvæmda í fyrsta sinn við ársreikningsskilin. Reglurnar ná til flokkunar, framsetningar og verðmats allra eigna sjóðsins auch ymissa þátta í rekstri hans og upplýsingagjöf í ársreikningi. Umfang ársreiknings tvöfaldaðist við breytinguna og framsetning upplýsinga breyttist. Stefna um mатаðgerð fjármálagerninga var undirrituð af stjórn í febrúar sl. og er meginregla að meta fjármálagerninga á gangvirði, þó er heimild til að meta skuldabréfaeign sem ekki er skráð á verðbréfamarkaði áfram á kaupkröfu. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu áhrif breytinganna á ársreikninginn en áhrif á hreina eign er að finna í skýringum 38-42 í ársreikningi. Hrein eigin sjóðsins miðað við árslok 2015 hækkaði um 996 m.kr. Endurmatið hækkaði jafnframt fjárfestingatekjur 2015 um 11,2% eða 657,4 m.kr. þannig að nafnávöxtun 2015 hækkaði um 0,9%.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu niðurstöður sem birt eru í ársreikningi. Hrein eign sjóðsins hækkaði um 836 m.kr. á árinu 2016 sem samsvarar 3,4% nafnávöxtun eða 1,3% raunávöxtun. Iðgjöld hækkuðu um 418 m.kr. sem er 19,8% milli ára vegna hlutdeildar launagreiðenda í greiddum lífeyri og var alls 2.527 m.kr. Nam heildagreiðsla lífeyris 4.138 m.kr. og hækkaði um 14,8% milli ára. Rekstrarkostnaður nam 159 m.kr., og hækkaði um 5% milli ára.

Við yfirferð á efnahagsreikningi kom fram að hrein eign sjóðsins var 74 ma.kr. í árslok og eru skuldabréf 61% af eignasafninu. Veðlán hækkuðu um 55% sem eru aðallega veðskuldabréf á fyrirtæki og sveitarfélög, en sjóðfélagalán lækkuðu um 17%. Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga var neikvætt hjá sjóðnum um 1,6 ma.kr og voru fjárfestingahreyfingar 1,5 ma.kr. á árinu.

Ávöxtun ársins var í lægra lagi, nafnávöxtun 3,4% en hækkun neysluvísitölu var 2,1%. Raunávöxtun varð því 1,3%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 3,8%. Skýring slakrar ávöxtunar var hækkun hlutabréfa innanlands og erlendum eignum vegna styrkingu krónunnar sem gaf neikvæða ávöxtun.

Virkum sjóðfélögum fækkaði úr 498 árið 2015 í 446. Alls átti 13.331 sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum. Lífeyrisþegum fjölgaði úr 3.299 árið 2015 í 3.480 á árinu. Ellilífeyrisþegar eru 77% af lífeyrisþegum. Iðgjöld hækkuðu um 19,8% og voru 2,5 ma.kr og vógu aukaframlög borgarinnar þar mest eða 89% og voru 2,2 ma.kr. Lífeyrisgreiðslur voru 4 ma.kr. og hækkuðu um 14,8% einkum vegna hækkunar vísitölu launa opinberra starfsmanna og vísitölu neysluverðs. Ellilífeyrisþegum fjölgaði um 4% milli ára.

Fjárfestingatekjur voru 2.656 m.kr. á árinu 2016 og lækkuðu um 3.860 m.kr. milli ára. Lækkunin skýrist af viðsnuningi í ávöxtun hlutabréfa en skráð innlend hlutabréf lækkuðu um 9% á árinu en hækkuðu um 43,4% árið áður. Styrking krónu rýrði ávöxtun erlendra eigna og ávöxtun innlendra verðtryggðra skuldabréfa lækkaði einnig tóluvert. Þá höfðu breyttar reikningsskilareglur FME einnig áhrif til hækkunar á árinu 2015 sem hafði áhrif á samanburð við árið 2016. Fjárfestingagjöld voru 82,6 m.kr á árinu og lækkuðu um 13% milli ára og rekstrarkostnaður var 158,9 m.kr. og hækkaði um 5% milli ára og var 0,2% af meðalstöðu eigna. Ekki voru miklar breytingar á samsetningu fjárfestinga milli ára, skuldabréf, einkum með ríkisábyrgð vógu byngst í eignasafninu, veðlán standa í stað og vægi hlutabréfa eykst úr 2% í 6% af fjárfestingum.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárlíðina. Engar spurningar.

3. Skýrsla um tryggingafræðilega athugun kynnt

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, á stöðu sjóðsins í árslok 2016. Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga sem tóku breytingum á árinu, en það voru forsendur um lífslíkur reynslu áranna 2010-2014 og örorkulíkur miðað við reynslu áranna 1998-2002. Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun voru heildarskuldbindingar sjóðsins 99 ma.kr. og endurmetnar heildareignir 121 ma.kr. m.kr. í árslok 2016. Tryggingafræðileg staða versnaði milli ára. Hlutfall heildareigna umfram heildarskuldbindinga í árslok 2016 var þannig 22,6 ma.kr eða 22,9%. Ástæða fyrir þessari jákvæðu stöðu er sú að í samþykktum sjóðsins er ekki gert ráð fyrir að iðgjöld dugi fyrir lífeyrisgreiðslum og borgar því borgasjóður og aðrir launagreiðendur tiltekið hlutfall lífeyris skv. ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Hlutfallið er nú 69%. Þá lagði Reykjavíkurborg árið 2007 til sjóðsins 24 ma.kr. í formi skuldabréfa sem fengin voru fyrir sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Miðað við þetta hlutfall í framtíðinni verða heildareignir sjóðsins verulega hærri en heildarskuldbindingar. Ef ekki er tekið tillit til endurgreiðslna launagreiðenda á greiddum lífeyri er þetta hlutfall neikvætt um 26,9%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrálið.

Umræður um bakábyrgð

4. Fjárfestingarstefna kynnt

Guðmundur Friðjónsson, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2017. Stefnan er lítillega breytt frá fyrra ári. Farið var yfir markmið fjárfestingarstefnunnar, þróun innlends verðbréfamarkaðar og horfur. Lögð verður áhersla á árinu 2017 að minnka vægi ríkistryggðra skuldabréfa sem þó helst í háu hlutfalli miðað við aðra lífeyrissjóði. Vægi sértryggðra bankabréfa verður aukið, vægi innlendra hlutabréfa haldast óbreytt og vikmörk þrengd og vægi erlendra hlutabréfa verður haldið lágu og vikmörk þrengd. Gert ráð fyrir 5% styrkingu krónu og 2,5% verðbóluspá.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrálið.

5. Stjórnarmenn og varamenn

Þann 20. apríl 2016 skipaði borgarráð Mörtu Guðjónsdóttur í sæti aðalmanns í stjórn í stað Hildar Sverrisdóttur og Hildur var skipuð frá sama tíma í sæti varamanns í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar. Þann 9. október 2016 skipaði borgarráð Hildi Sverrisdóttur í sæti aðalmanns í stjórn í stað Mörtu Guðjónsdóttur og Halldór Halldórsson var þá skipaður varamaður í stað Hildar frá sama tíma. Þann 9. mars sl. skipaði borgarráð Halldór Halldórsson í sæti aðalmanns í stjórn í stað Hildar Sverrisdóttur og Herdís Anna Þorvaldsdóttir var skipuð sem varamaður í stjórn frá sama tíma.

Rætt var um að hlutfall kynja í stjórn væri nú ójafnt og væntanlega þyrfti að gera breytingar á skipan stjórnar til að fara eftir lögum um kynjakvóta.

6. Breytingar á samþykktum sjóðsins

Fundarstjóri greindi frá því að engar breytingar hefðu verið gerðar á samþykktum sjóðsins á árinu 2016 og engar tillögur eru lagðar fram. Fyrirhuguð er endurskoðun á samþykktum á árinu 2017.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 6. dagskrárlíð.

7. Önnur mál


Engin önnur mál voru borin upp.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir.

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari myndu ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Formaður stjórnar þakkaði viðstöddum fyrir góðan fund og sleit fundi kl 17:40.



Guðmundur V. Friðjónsson
fundarstjóri



Þórdís Yngvadóttir
fundarritari

